

42. Stjórnarfundur Bergrisans bs.

23. ágúst 2022 í Bankanum vinnustofu. Fundur hefst kl 10:00

Mættir: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar jafnframt fundargerð

Gestur á fundinum er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Dagskrá:

1. Um er að ræða fyrsta fund nýrrar stjórnar Bergrisans bs., en stjórn skipa þau Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar sem jafnframt er stjórnarformaður Bergrisans bs., Anton Kári Halldórsson, fulltrúi þjónustusvæðis Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Árneshöfða. Varamenn eru þau Bragi Bjarnason, þjónustusvæði Árborgar, Sandra Sigurðardóttir, þjónustusvæði Árneshöfða og Eggert Valur Guðmundsson, þjónustusvæði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Á stjórnarfundum sitja jafnframt verkefnastjóri byggðasamlagsins, Íris Ellertsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri Bergrisans bs. og þjónusturáð Bergrisans sem skipað er þeim Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar, Melkorku Jónsdóttur, forstöðumanni skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða og Svövu Davíðsdóttur, félagsmálastjóra Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Farið er yfir skipulag haustsins en gert er ráð fyrir að stjórn fundi að jafnaði aðra hverja viku vegna fjölda verkefna sem liggja fyrir.

Fagteymi Bergrisans og þjónusturáð funda að jafnaði viku á undan stjórn Bergrisans. Helsta hlutverk fagteymis er að ákvarða þjónustuform sem hentar einstaklingum, vinna reglur og koma með tillögur að úthlutun á þjónustuúrræðum. Helsta hlutverk þjónusturáðs er að vera stefnumótandi um þjónustu og koma með stærri tillögur til stjórnar.

Verkefni sem eru á dagskrá hjá stjórn byggðasamlagsins í haust og á næsta ári:

- Bygging nýs íbúðakjarna í gegnum sjálfseignarstofnunina Arnardrang hses.
- Gæðaúttekt og innleiðing gæðaviðmiða í þjónustunni
- Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt, úrvinnsla og innleiðing verkþátta/úrbótaáætlunar og stefnumótun og samhæfing.
- Gerð og innleiðing reglna
- Samningagerð við sjálfstæða þjónustuaðila, þ.e. Skaftholt og Sólheimar

2. Lagt er til að Ása Valdís Árnadóttir verði ritari stjórnar. Er það samþykkt samhljóða

3. Sjálfstæðir rekstraraðilar.

- a. Kynning á minnisblaði JS
- b. Kynning á samningum og helstu forsendum
- c. Kynning á stöðu samningaviðræðna

Fundarslit kl 11.50

